

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100037

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um fimmту breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008
um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf.

Með heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrtingu, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:


FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 9. október 2008 var tekið fram að Nýi Landsbanki Íslands hf. nú NBI hf. skuli gefa út skuldabréf til Landsbanka Íslands hf. til greiðslu endurgjaldsins fyrir því sem ráðstafað er til nýja bankans. Þá er tekið fram að skilmálar skuldabréfsins skuli liggja fyrir innan 10 daga frá því að niðurstaða matsaðila liggur fyrir. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 14. febrúar sl., skal niðurstaða matsaðila um mat á eignum og skuldum liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2009. Það skuldabréf eða fjármálagerningur sem gefinn verður út frá nýja bankanum til þess gamla er flókinn gerningur og viðameiri en ætlað var. Þá er mikilvægt að stjórnvöld fái svigrúm til að taka afstöðu til gerningsins að höfðu samráði við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt er. Af þessum sökum er talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka frágangi þessa fjármálagernings eftir að niðurstaða matsaðila til greiðslu endurgjaldsins liggur fyrir. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 2. mál. 13. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008 með áorðnum breytingum.

ÁKVÖRÐUN:

Skilmálar fjármálagerningsins skulu liggja fyrir eigi síðar en 18. maí 2009.

Öll ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason
Forstjóri

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

6. mars 2009.